

# Héraðsskjalasafn Austfirðinga



Ársskýrsla 2017

Afhendingaskrá 2017

Fundargerðir 2017

Fjárhagsáætlun 2019

**Bára Stefánsdóttir**

**Ársskýrsla Héraðsskjalasafns  
Austfirðinga  
2017**



**október 2018**

## Efnisyfirlit

Stjórn og aðalfundur .....	2
Starfsfólk .....	3
Rekstur .....	3
Húsnæði .....	4
Móttaka skjala, gesta og erinda .....	5
Afhent skjöl.....	5
Gestir og fyrirspurnir .....	5
Ráðgjöf og eftirlit með skjalamálum .....	6
Opinbert eftirlit með héraðsskjalasöfnum .....	6
Ráðstefnur og fundir .....	7
Sýningar, kynningar- og útgáfustarf .....	8
Sýningar .....	8
Safnkynningar .....	8
Norræni skjaladagurinn .....	8
Áramótakort og bókavaka.....	9
Ljósmyndasafn Austurlands .....	10
Ljósmyndavefur.....	10
Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar .....	11
Sérverkefni.....	12
Skönnun hrepps bóka.....	12
Skrá yfir afhendingar á árinu 2017.....	13

**Forsíðumynd:** Péttylí á Egilsstöðum um 1955. Á árinu 2017 var fagnað 70 ára afmæli Egilsstaðahrepps.

**Mynd á titilsíðu:** Við vegprest á Egilsstöðum: Hermann Vilhjálmsson, Þorsteinn Gíslason og Jón Gunnlaugur Jónasson.

## Stjórn og aðalfundur

Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga var haldinn á Skriðuklaustri 27. nóvember 2017. Fundinn sóttu fulltrúar aðildarsveitarfélaganna, stjórn, forstöðumaður og fundarstjóri á vegum gestgjafa. Fulltrúar sveitarfélaga á aðalfundinum voru:

Borgarfjarðarhreppur:	enginn fulltrúi
Breiðdalshreppur:	umboð til fulltrúa Fjarðabyggðar
Djúpavogshreppur:	umboð til fulltrúa Fjarðabyggðar
Fjarðabyggð:	Elías Jónsson
Fljótshálfhérað:	Óðinn Gunnar Óðinsson
Fljótshálfhreppur:	Gunnþórunn Ingólfssdóttir
Seyðisfjarðarkaupstaður:	Dagný Erla Ómarsdóttir
Vopnafjarðarhreppur:	enginn fulltrúi

Núverandi stjórn var kosin á aðalfundi SSA 20. september 2014. Í henni sitja:

Fljótshálfhérað, Fljótshálfhreppur, Borgarfjarðarhreppur: Ragnhildur Rós Indriðadóttir (aðalmaður), Þórður Mar Þorsteinsson (til vara).

Fjarðabyggð: Björn Hafþór Guðmundsson (aðalmaður), Elvar Jónsson (til vara).

Djúpavogshreppur, Breiðdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Vopnafjarðarhreppur: Ólafur B. Valgeirsson (aðalmaður), Þorbjörg Sandholt (til vara).

Ólafur er formaður stjórnar, Ragnhildur er varaformaður og Björn Hafþór meðstjórnandi.

Þrjú stjórnarfundir voru haldnir á árinu 2017: 20. maí, 19. júní og 30. október.

## Starfsfólk

Fastráðnir starfsmenn Héraðsskjalasafnsins á árinu 2017 voru þrír. Bára Stefánsdóttir forstöðumaður í 100% starfi, Magnhildur Björnsdóttir skjalavörður í 100% starfi og Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir í 50% starfi við skönnun og skráningu ljósmynda. Samtals 2,5 stöðugildi.

Magnhildur var áður í 80% starfi en jók við starfshlutfallið þegar Arndís Þorvaldsdóttir lauk störfum í lok árs 2016 vegna aldurs. Ingibjörg var fastráðin um áramót en hafði áður verið á tímabundnum samningi við ljósmyndaverkefni eftir því hvaða styrkir fengust. Arndís sinni afleysingum og ýmsum sérverkefnum á árinu 2017 í verktöku, meðal annars sýningu vegna 70 ára afmælis Egilsstaðahrepps.

## Rekstur

Framlög aðildarsveitarfélaga til reksturs safnsins voru 23,8 millj. kr. á árinu 2017. Önnur rekstrarframlög (rekstrarstyrkur frá ríkinu og framlög Minjasafns Austurlands og SSA til Ljósmyndasafns Austurlands) voru 2,2 millj. Styrkir og aðrar tekjur voru 6,4 millj.

**Rekstrartekjur** ársins 2017 námu samtals 32,4 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 27,7 millj. Tekjur ársins voru því 4,6 millj. yfir áætlun. Mismunurinn liggur aðallega í verkefnastyrkjum en sá hæsti var 2,8 millj. vegna skönnunar á gömlum hreppsbókum.

**Rekstrargjöld** ársins 2017 námu 37,7 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 33,6 millj. Gjöldin voru því 4,1 millj. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Laun og launatengd gjöld voru 18,5 millj. Framlög til bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar, Ljósmyndasafns Austurlands og skjalasafnsins í Neskaupstað voru alls 4,7 millj. Annar rekstrarkostnaður var 13 millj. en áætlun hljóðaði upp á 9,4 millj. Mismunurinn liggur mest í aðkeyptri vinnu vegna verkefnastyrkja.

**Niðurstaða rekstrarreiknings** Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. fyrir árið 2017 er því tap að fjárhæð 5,4 millj. Bókfærð húsaleiga í Safnahúsi var 5,8 millj. Ekki varð tap af öðrum rekstri.

**Handbært fé** var 2,8 millj. kr. í ársbyrjun en 2,4 millj. í árslok og lækkaði því um 0,4 millj. kr. milli árana 2016 og 2017.

Nánari upplýsingar um rekstur Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. eru í ársreikningi.

## Húsnæði

Húsnæði Héraðsskjalasafns Austfirðinga í Safnahúsinu á Egilsstöðum er óbreytt. Núverandi húseigandi er Fljótsdalshérað en 26,3% eignarhlutur Héraðsskjalasafns í fasteigninni var seldur til sveitarfélagsins í árslok 2013. Hluti af samningnum var ákvæði þess efnis að Fljótsdalshérað setji 30 millj. kr. í viðhald og endurbætur á fasteigninni á árunum 2014 og 2015.

Í desember 2015 gaf stjórn Héraðsskjalasafns Fljótsdalshéraði frest til ársloka 2017 til að ljúka framkvæmdum skv. fyrrnefndu ákvæði vegna þess að sveitarfélagið var í samningaviðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneyti um að reist yrði ný burst við Safnahúsið, líkt og ráð var fyrir gert í upprunalegum teikningum. 16. október 2017 skrifuðu bæjarstjóri og Illugi Gunnarsson, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, undir viljayfirlýsingu um undirbúning og fjármögnun menningarhúss á Egilsstöðum. Vegna ríkisstjórnarskipta komst málið ekki lengra.

Þann 22. maí 2018 undirrituðu Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Björn Ingimarsson bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs samkomulag sem felur í sér stofnframlag til byggingar menningarhúss á Egilsstöðum. Við það tækifæri sagði ráðherra að framlagið sé í 5 ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Tímaramminn sem Fljótsdalshérað gefur sér í verkið er árin 2019-2022.

Frá árinu 2011 hefur Héraðsskjalasafnið leigt 80 fm skjalageymslu í kjallara Arion banka við Fagradalsbraut. Húsnæðið var selt Véltækni hf. og var gerður nýr leigusamningur við umboðsmann leigusala, Valdimar Benediktsson, sem gildir frá 1. mars 2017. Upphæð húsaleigu hækkaði og aðgengi að rýminu var ekki lengur í gegnum afgreiðslu bankans á jarðhæð. Var því sett upp ný brunahurð svo aðgengi inn í geymsluna væri í gegnum inngang í kjallara hússins og þaðan um milligang. Einnig var sett upp öryggiskerfi með brunaboðum, hreyfiskynjurum og vatnsnemum. Vegna þess að rýminu var lokað algjörlega (er gluggalaust) hafa vandamál með raka og þungt loft aukist. Unnið er að endurbótum í samráði við leigusala.

## Móttaka skjala, gesta og erinda

Formlegur opnunartími var óbreyttur frá fyrra ári: mánudaga til fimmtudaga kl. 12-16.

### Afhent skjöl

Skjalaafhendingar til safnsins á árinu 2017 voru 88 en misjafnlega stórar. Allt frá einu skjali eða ljósmynd upp í marga skjalakassa eða full myndaalbúm. Af þeim voru 53 afhendingar á pappír (t.d. bréf og gjörðabækur), 18 ljósmyndaafhendingar, 9 afhendingar til bókasafns (bækur og tímarit) og 8 afhendingar af blönduðu efni.

Um var að ræða 47 afhendingar frá einstaklingum, 25 afhendingar frá skilaskyldum aðilum, 11 afhendingar frá félögum eða samtökum og 5 afhendingar frá fyrirtækjum. Í langflestum tilvikum kom það í hlut starfsmanna safnsins að ganga frá skjölum í viðurkenndar umbúðir og skrá efnið.

Stærsta afhendingin kom frá Bókaafni Seyðisfjarðar vegna flutnings þess í húsnæði grunnskólans. Var þar bæði um að ræða ýmis skjöl sem voru í varðveislu bókasafnsins s.s. gjörðabækur félagasamtaka en einnig smáprent og gamlar bækur frá forvera safnsins sem hét þá Bókasafn Austuramtsins Seyðisfirði.

Á árinu 2017 var lokið við að skrá skjöl frá SSA, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, en það verkefni hófst árið 2016 skv. samningi um skráningu og greiðslur vegna vinnu og umbúða.

### Gestir og fyrirspurnir

Á árinu 2017 leituðu 1205 aðilar til skjalasafnsins. Skiptust þeir þannig:

<i>Gestir og fyrirspurnir/erindi 2017</i>	<i>fjöldi</i>
Einstaklingar/skólanemar	818
Opinberar stofnanir	292
Fyrirtæki	58
Félagasamtök	37
samtals:	<b>1205</b>

Þar af komu 896 á safnið sjálft, önnur erindi bárust gegnum síma eða með pósti.

Hver safngestur/viðskiptavinur fékk úrlausn á ýmsum málum (sumir fleiri en einu). Flestir sem höfðu samband komu af Austurlandi eða 870 aðilar:

<i>Tegundir fyrirspurna/erinda 2017</i>	<i>fjöldi</i>
Almenn erindi, viðburðir, safnkynningar	360
Ljósmyndir	261
Bókasafn	226
Leit að skjölum	223
Lestrarsalur	177
Móttaka skjala og ljósmynda	92
Ljósritun/prentun/skönnun	78
Ráðgjöf um skjalamál	54
Manntöl og kirkjubækur	35
Kvikmynda- og hljóðefni	7
samtals:	<b>1513</b>

<i>Heimili/ aðsetur gesta/ fyrirspyrjenda 2017</i>	<i>fjöldi</i>
Austurland	870
Höfuðborgarsvæðið	164
Erlendis	30
Suðurland og Reykjanes	29
Norðurland	24
Óþekkt aðsetur	20
Vesturland og Vestfirðir	11

## Ráðgjöf og eftirlit með skjalamálum

Í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 er í fyrsta sinn kveðið á um að héraðsskjalasöfn skuli hafa eftirlit með afhendingarskyldum aðilum. Forstöðumaður afhendingarskylds aðila ber ábyrgð á að skjalastjórn og skjalavarsla séu í samræmi við lög og reglur þar um. Skilaskyldir eru sveitarfélög á Austurlandi og allar stofnanir á þeirra vegum, svo sem skólar.

Á árinu 2017 leituðu ýmsir skilaskyldir aðilar ráða varðandi skráningu, frágang og afhendingu á skjölum. Héraðsskjalavörður hefur sett saman leiðbeiningar þar sem vísað er til helstu reglna og leiðbeininga um skjalamál. Í framhaldi af skjalanámskeiði sem haldið var í apríl 2016 í samvinnu við Þjóðskjalasafnið hefur orðið vakning meðal sveitarfélaga um að haga skjalastjórnun í samræmi við lög og reglur. Enn er þó ýmislegt sem þarf að bæta.

Ný skjalavistunaráætlun og nýr málalykill fyrir Fjarðabyggð var yfirfarinn og samþykktur af héraðsskjalaverði í byrjun ársins en hann gildir í 5 ár frá 2017-2021. Á árinu var unnið að skjalavistunaráætlun fyrir Fljótsdalshérað sem tók gildi um áramótin 2017 og gildir í 5 ár til 2021. Áætlunin var unnin í framhaldi af málalykli sem tók gildi í byrjun árs 2017 eftir undirbúning árið á undan. Egilsstaðaskóli hefur ekki lokið við að gera skjalavistunaráætlun þegar þetta er ritað en ráðgjöf um hana hófst árið 2016.

### Opinbert eftirlit með héraðsskjalasöfnum

Í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 kemur fram að ráðherra skuli setja nánari ákvæði um héraðsskjalasöfn í reglugerð. Reglugerðin hefur enn ekki litið dagsins ljós en drög að henni voru send héraðsskjalasöfnum og sveitarfélögum til umsagnar í maí 2017. Héraðsskjalavörður sendi ásamt 14 öðrum héraðsskjalavörðum sameiginlega umsögn við reglugerðardrögin þann 15. júní 2017. Stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga ályktaði á fundi sínum 19. júní 2017 að fyrirbyggjandi drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns verði endurskoðuð í heild sinni í samráði við hlutaðeigandi aðila og vísaði til fyrrnefnds álits sem var sent í nafni Félags héraðsskjalavarða á Íslandi. Bókunin var send til Þjóðskjalasafns Íslands.

Í mars 2017 sendi Þjóðskjalasafn Íslands rafræna eftirlitskönnun til héraðsskjalasafna. Í könnuninni var óskað eftir ýmsum upplýsingum um starfsemi safnsins og fór nokkur tími í að svara henni. Meðal annars var óskað eftir tölum um hillumetra, sem hingað til hefur ekki verið haldið saman, en skjalamagnið er nú skráð þegar frágangi á hverri skjalaafhendingu er lokið. Svörin voru send 21. apríl ásamt fylgiskjöllum, svo sem um eftirlit með skilaskyldum aðilum. Túlkun Þjóðskjalasafns á svörum könnunar barst ekki fyrr en á árinu 2018. Skýrslan hefur ekki verið gefin út en héraðsskjalaverðir eru ekki sáttir við hvernig staðið var að framkvæmdinni.



## Ráðstefnur og fundir

Árlegur vorfundur opinberra skjalasafna, héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns Íslands, var haldinn í Reykjavík dagana 27.-28. mars. Meðal annars var fjallað um styrki til miðlunarverkefna og væntanlega persónuverndarlöggjöf.

Á aukaaðalfundi Félags héraðsskjalavarða á Íslandi sem haldinn var í Reykjavík 28. mars var Bára kosin í fimm manna stjórn.

Ráðstefna Félags héraðsskjalavarða fyrir starfsfólk skjalasafna var haldin hjá Héraðsskjalasafni Dalasýslu að Laugum í Sælingsdal dagana 5.-6. október. Ýmis fróðleg erindi voru flutt á ráðstefnunni sem Bára og Magnhildur tóku þátt í. Meðal annars var fjallað um neyðaráætlanir fyrir héraðsskjalasöfn, upplýsingarétt almennings og rétt hins skráða. Auk þess var aðalfundur félagsins á dagskrá.

Vorfundur bókasafna á Austurlandi var haldinn á Eskifirði 19. maí. Í framhaldinu tók Bára að sér að vera fulltrúi hópsins á fundi Aleflis, notendafélags bókasafnskerfisins Gagnis, í Reykjavík 24. maí. Þar kom meðal annars fram að Landskerfi bókasafna væri með í undirbúningi að kaupa nýtt bókasafnskerfi.



Þátttakendur á ráðstefnu skjalavarða að Laugum.  
Mynd: Héraðsskjalasafnið á Akureyri.

## **Sýningar, kynningar- og útgáfustarf**

Héraðsskjalasafnið stóð fyrir eða tók þátt í ýmsum viðburðum á árinu, sumum í samvinnu við önnur söfn í Safnahúsinu. Skjalasafnið hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa fyrir sýningum en leitast er við að sækja um styrki til að láta slíkar hugmyndir verða að veruleika.

### **Sýningar**

Sýning í tilefni af 70 ára afmæli Egilsstaðahrepps opnaði í Sláturhúsinu þann 17. júní. Hún var sett upp samkæmt beiðni og með styrk frá Fljótsdalshéraði í samvinnu við Minjasafn Austurlands og Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs. Úrval söguspjalda var sett upp í anddyri Héraðsskjalasafnsins í október.

Bára var fulltrúi Safnahússins í verkefnahópnum Ljóð á vegg. Ákveðið var, vegna afmælisársins, að velja ljóð sem tengust Fljótsdalshéraði. Ljóð voru límd á vegg í Safnahúsinu og víðar um bæinn.

### **Safnkynningar**

Ýmsir skólahópar komu til að kynna sér safnið eða leita heimilda fyrir verkefni. Nemendur í áfanganum Saga Austurlands í Menntaskólanum á Egilsstöðum komu í heimsókn ásamt kennara 30. ágúst til að kynna sér starfsemi safnsins. 3. október kom 3. bekkur Egilsstaðaskóla í heimsókn til að skoða afmælisýninguna um Egilsstaði. 2. bekkur Fellaskóla kom með kennara sínum að skoða Egilsstaðasýninguna 4. október. 1.-4. bekkur Fellaskóla kom ásamt kennara 10. október til að kynnast safninu og skoðaði meðal annars gamlan brúðkaupsmatseðil.

Soroptomistakonur af Hérað og frá Borgarfirði kynntu sér starfsemi safnsins 12. janúar. 1. apríl komu þátttakendur í fræðsluferð Samtaka um söguferðþjónustu um Austurland í heimsókn í Safnahúsið. Héraðsskjalavörður kynnti starfsemi safnsins á aðalfundi Glettings 18. maí.

### **Norræni skjaladagurinn**

Þema skjaladagsins árið 2017 var Hús og heimili. Framlag okkar voru tvær greinar um Húsmaðraskólann á Hallormsstað, annars vegar um innréttingar skólahússins og hins vegar um daglegt líf við nám og í heimavist skólans. Greinarnar birtust á vefnum <http://2017.skjaladagur.is>.

## Áramótakort og bókavaka

Héraðsskjalasafnið hefur gefið út jóla- eða áramótakort nær óslitið frá árinu 1978. Á hverju korti er jafnan texti og mynd af einstaklingum sem eru ættaðir eða hafa verið búsettir á Austurlandi og hafa verið áberandi í menningarlífinu. Má þar nefna fræðimenn og skáld. Kortin eru send til velunnara safnsins, þeirra sem afhenda skjöl á Héraðsskjalasafnið á árinu og til héraðsskjalasafna um land allt.

Kort ársins 2017 var helgað Guðrúnu H. Finnsdóttur skáldkonu í Kanada sem var ættuð frá Geirólfsstöðum í Skriðdal. Í byrjun ágúst 2017 afhentu systkinin Eva og Þór Hreinsbörn bréfasafn frá móðursystur sinni Valborgu Helgadóttur frá Geirólfsstöðum. Í safninu voru meðal annars bréf sem Guðrún sendi til Berþóru Helgadóttur móður sinnar. Guðrún hafði frumkvæði að því að íslenskar konur í Winnipeg stofnuðu sjóð sem síðar hlaut nafnið Minningarsjóður Austfirðinga vestan hafs. Efnit var til samskota meðal Austfirðinga í Vesturheimi og var sjóðurinn notaður til að styrkja nemendur til náms í eldri deild Húsmæðraskólans á Hallormsstað. Með bréfasafninu fylgdi ítarleg greinargerð sem Þór tók saman um Guðrúnu, fjölskyldu hennar og efni bréfanna.



Rúmlega tuttugu gestir mættu á árlega bókavöku sem var haldin í Safnahúsinu 30. nóvember í góðri samvinnu Héraðsskjalasafns, Bókasafns Héraðsbúa og Minjasafns Austurlands. Að venju var áherslan á austfirsku útgáfu og bækur eftir höfundum sem búsettir eru í fjórðungnum. Nokkrir höfundar og þýðendur mættu og lásu úr bókum sínum en starfsfólk sá einnig um upplestur.

## Ljósmyndasafn Austurlands

Ljósmyndasafn Austurlands er sérstök deild innan Héraðsskjalasafns Austfirðinga og rekið með framlagi frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Minjasafni Austurlands og Héraðsskjalasafni Austfirðinga. Framlagið undanfarin ár hefur verið lægra en raunverulegur kostnaður Héraðsskjalasafns vegna umsýslu við safnið sem er um 40% starfshlutfall. Var því leitað til stjórnar SSA um að hækka fjárframlagið og að framlögin hækki í takt við launaþróun. Héraðsskjalavörður vann greinargerð um safnið þar sem saga þess var rakin í stuttu máli, fjárframlög undanfarin ár tekin saman og sett fram áætlun um hvaða upphæð þyrfti að koma til safnsins á hverju ári. Afstaða fjárhagsnefndar og stjórnar SSA var jákvæð og beiðnin var afgreidd sem hluti af fjárhagsáætlun á aðalfundi SSA í september 2017. Framlag til safnsins var því hækkað á árinu 2018.

Myndasöfn Ljósmyndasafnsins spanna allt frá mannamyndum teknum fyrir aldamótin 1900 til fréttu- og íþróttamynda frá síðari helmingi 20. aldar. Enn berast gamlar myndir til safnsins, svo sem úr dánarbúum. Ýmsir aðilar, bæði einstaklingar og safnafólk, hafa aðstoðað okkur við að bera kennsl á einstaklinga og staði á ljósmyndum. Óþekktar myndir hafa sem fyrr verið birtar í *Austurglugganum* og oft fást upplýsingar um nöfn með því móti.

### Ljósmyndavefur

Ljósmyndavefur á slóðinni [myndir.heraust.is](http://myndir.heraust.is) var opnaður árið 2014. Á vefnum voru þá um 55 þúsund myndir. Í lok árs 2017 var fjöldi mynda á vefnum kominn í um 70 þúsund. Skannaðar myndir eru ekki allar birtar á vefnum, m.a. vegna óvissu um höfundarrétt. Ekki er hægt að slá föstu hversu margar myndir eru til hjá Ljósmyndasafninu þar sem hluti safnsins er óskráður. Hver afhending hefur verið skráð í aðfangaskrá en ekki er búið að skrá hverja mynd. Sífelld bætist við safnið, bæði ljósmyndir eða kópíur á pappír, filmur, myndskyggjur og myndir á stafrænu formi.

Myndum á ljósmyndavefnum á eftir að fjölga eftir því sem fjármagn fæst til frekari skönnunar. Fljótsdalshérað hefur styrkt verkefnið myndarlega undanfarin ár. Upphaf þess má þó rekja til ársins 2011 þegar héraðsskjalasöfn Austfirðinga, Árnesinga og Skagfirðinga hófu að skanna ljósmyndir í vörslu safananna. Árið 2015 lauk samstarfsverkefninu en á þessu 5 ára tímabili fékk hvert safn úthlutað 24,5 millj. kr. af fjárlögum til þessa þarfa og atvinnuskapandi verkefnis.

## **Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar**

Árið 2017 bættust 160 titlar við bókasafnið. Um er að ræða bækur sem keyptar voru af rekstrarfé safnsins (framlög skv. stofnsamningi Héraðsskjalasafns) en einnig berast safninu ýmsar bókagjafir. Aðfangalistann má sjá á vefsíðu safnsins og hægt er að leita í bókakosti safnsins á vefnum [leitir.is](http://leitir.is). Heildarfjöldi eintaka í lok árs 2017 var um 16 þúsund en nokkuð er um tvítök. Titlar eru um 5 þúsund og eru margir þeirra nokkurra binda verk. Bókasafninu tilheyrir einnig veglegt safn tímarita, þau eldri mörg innbundin, alls um 500 titlar. Enn bætist við tímaritakostinn því um 40 titlar eru í áskrift.

Á árinu voru lánaðar út 129 bækur en ýmsar bækur eru ekki til útláns heldur til afnota á lestrarsal. Auk þess nýtist bókakosturinn starfsfólki Héraðsskjalasafnsins afar vel í daglegum störfum, t.d. við skráningu skjala og ljósmynda en ekki síður við sýningargerð og til að geta svarað fyrirspurnum sem berast.

Héraðsskjalasafnið hefur markað sér þá stefnu að einskorða innkaup við fræðilegt efni, einkum á sviðum sagnfræði, félagssögu og ættfræði. Einnig er reynt að kaupa allar bækur sem fjalla um Austurland og bækur sem eru eftir Austfirðinga. Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar hefur því á undanförunum árum verið byggt upp sem rannsóknarbókasafn með sérhæfðari safnkost en bókasöfn ætluð almenningi. Gott samstarf er við almenningsbókasöfnin á svæðinu og þegar óskir berast þar um eru bækur frá Héraðsskjalasafninu settar í millisafnalán og gagnast þær því fólki um allt Austurland.

Á árinu var afhent heilmikið af smáritum og gömlum bókum frá Bókasafni Seyðisfjarðar vegna flutninga í húsnæði grunnskólans. Þar með voru einnig aðfangabækur og ýmis skjöl frá Bókasafni Austuramtsins eins og safnið hét áður fyrr. Með afhendingunni fylgdi fjármagns sem verður notað til að skrá gögnin á árinu 2017 og 2018.

## Sérverkefni

Á árinu 2017 fékk Héraðsskjalasafnið styrk til átaksverkefnis um myndun og miðlun skjala.

### Skönnun hrepps bóka

Í byrjun ársins auglýsti Þjóðskjalasafn Íslands úthlutun verkefnastyrkja skv. fjárlögum 2017. Til úthlutunar voru 15 millj. kr. til skönnunar- og miðlunarverkefna. Héraðsskjalasafnið í samvinnu við Skjala- og myndasafn Norðfjarðar fékk 2.750.000 kr. styrk til að skanna elstu hrepps bækur af Austurlandi. Var því haldið áfram með verkefni sem hófst árið 2016.

Árið 2017 voru afritaðar 159 bækur/bögglar frá eftirtöldum sex hreppum eða sveitarfélögum: Beruneshreppur, Eiðahreppur, Fljótsdalshreppur, Hjaltastaðahreppur, Jökuldalshreppur og Skriðdalshreppur. Samtals voru þetta 19.622 ljósmyndir. Mikill meirihluti skjalanna er í geymslu hér á Egilsstöðum en þar sem Skjalasafnið í Neskaupstað á bókaskanna voru skjalaöskjur lánaðar þangað og verkið unnið af starfsmanni sem var fenginn í það verkefni sérstaklega.

Verkefnið fellur vel að 18. grein laga um opinber skjalasöfn en þar segir meðal annars um varðveislu mikilvægra skjala: „Mikilvægustu skjöl safnanna skulu vera til á filmum, í rafrænu afriti eða á öðrum vörslumiðli og eintak afritanna varðveitt á öruggum stað utan höfuðstöðva þeirra.“

Myndræn birting á skjölum krefst annars vefumhverfis og skráningar en myndir af ljósmyndum. Þrjú héraðsskjalasöfn hafa unnið að hönnun vefútlits sem hentar til birtingar á skönnuðum skjölum. Héraðsskjalasafn Austfirðinga hóf þátttöku í því samstarfi á árinu 2017. Tilraunaáðgangur að hrepps bókavefnum var settur upp vorið 2018 og síðar á því ári er ætlunin að bæta fleiri bókum á vefinn og opna hann formlega.

## Skrá yfir afhendingar á árinu 2017

Ár	Nr.	Afhendingaraðili	Heiti safns - Skjalamyndari	Innihald
2017	1	Jón Benedikt Guðlaugsson / Sigríður Sigmundsdóttir	Eiríkur Björgvin Eiríksson frá Dagverðargerði	Tvö hjónavígslubréf frá 1885 og 1922. Kaupsamningur um hlut í jörðinni Hallfreðarstaðahjáleigu 1897. Veðleyfi fyrir Sleðbrjótssel 1907. Skilagrein fyrir fjárhaldi Eiríks Sigfússonar frá Vífilstöðum 1908 - 1916. Skuldabréf og tryggingarskírteini.
2017	2	Anna Bragadóttir	Félag kartöflufuramleiðenda í Múlasýslum	Fundargerðabók 1984 - 1989.
2017	3	Katrín Gísladóttir Briem	Kristrún Jóhanna Gísladóttir	Leiðarvísir til að nema ýmsar kvennlegar hannyrðir eftir Þóru Þjétersdóttur, Jarþrúði Jónsdóttur og Þóru Jónsdóttur. 1886.
2017	4	Guðmundur Magnússon	Magnús Guðmundsson	Tvær gamlar ljósmyndir / póstkort send Magnúsi Guðmundssyni Reyðarfirði og ein tækifærisvísa sennilega eftir Magnús.
2017	5	Minjasafn Austurlands	Jóhannes S. Kjarval, listmálari	Myndir úr eigu Jóhannesar S. Kjarval. Minjasafnsnúmer; MA 2016-166 til og með MA 2016 208 + MA 2016-219.
2017	6	UÍA / Elsa Guðný Björgvinsdóttir	Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands	Ýmis gögn frá skrifstofu UÍA á Egilsstöðum: Sjóðbók 1971 - 1977. Skýrsla um landsmót 1968. Úrklippubók með tímaritsgreinum um landsmót 1968. Úrklippubók með tímaritsgreinum frá 1975 - 1978. Veggspjald, auglýsing um landsmót 2001. Sumarhátíð 1989 og 1991, mótsskrár.
2017	7	Minjasafn Austurlands	Kristín Sverrisdóttir	Jóla kort með ljósmynd af Þingmúlakirkju eftir Pál Björnsson Birkihlíð og erindi úr ljóðinu Söngvísa á jólahátíðinni eftir síra Bjarna Gizurarson í Þingmúla.
2017	8	Bókasafn Seyðisfjarðar / Sólveig Sigurðardóttir	Kvenfélag Seyðisfjarðar	Skjalataska með gjörðabókum og bréfum (kom til Bókasafns frá Þórdísi Bergsdóttur). Mappa með kvenfélagsgögnum (kom til Bókasafns frá Björgu Blöndal 2015). Ársreikningar, bréf og fylgiskjöl frá fyrstu árum kvenfélagsins. Gjörðabækur 1925-1990. Sjóðbækur 1902-1916 og 1921-1932. Sjóðbók fyrir kirkjubyggingu 1920-1923.
2017	9	Sigurbjörg Þórarinsdóttir	Dagur Gunnarsson Strönd	Búnaðarfélag Norður- Valla og Skóga; bréf, reikningar, jarðabótaskýrslur o.fl.
2017	10	Stefanía Óskarsdóttir	Helga María Jónsdóttir Snædal og Óskar Þóroormsson Fáskrúðsfirði	Vatnsmælingar í Ytri Þverá og veðurdagbók 1936-1939. Skráð af Jóni H. Snædal Eskifirði. Verkakvennafélagið Framtíðin: viðskiftabók og Landsbanka og félagsskírteini sex kvenna. Ljósmyndir af ýmsum stærðum.

2017	11	Bókasafn Héraðsbúa	Egilsstaðabær	Leiðrétting loftvogar Fuess 3094 á Egilsstöðum, 1957.
2017	12	Stefanía Hrafnkelsdóttir	Stefanía Hrafnkelsdóttir frá Hallfreðarstöðum I	Myndabók barnanna eftir Árna Ólafsson, útg. 1929.
2017	13	Ingifinna Jónsdóttir	Sóknarnefnd Hofteigssóknar í Jökuldal	Reikningabók eða ársreikningar Hofteigssóknar, Hofteigskirkju og Hofteigskirkjugarðs 1941-1985. Ýmis fréttabréf: Kirkjutíðindi fyrir Eiða-, Vallanes- og Valþjófsstaðarprestakall, Hljómur gefið út af Kirkjukórasambandi Austurlands. Bautasteinn og Fréttabréf gefið út af Kirkjugarðasambandi Íslands.
2017	14	Gunnar Guttormsson	Guttormur Pálsson skógarvörður	Mynd í ramma af Jacob Appel skólustjóra í Askov á Jótlandi. Skýrsla um Alþýðuskólann á Eiðum 1925-1926. Hugur og hönd, sérprent úr Búnaðarritinu XL. ár, grein eftir Metúsalem Stefánsson.
2017	15	Grunnskóli Borgarfjarðar eystra / María Á. Shanko	Grunnskóli Borgarfjarðar eystra	Skólaskjöl frá árunum 1979-2000.
2017	16	Baldur Pálsson	Slysavarnadeildir og björgunarsveitir á Austurlandi	Fundargerðabók frá 19.6. 1976 til 18.9. 1988.
2017	17	Jón Atli Gunnlaugsson	Rótaryklúbbur Héraðsbúa	Fundargerðabækur 1993-1981.
2017	18	Bókasafn Seyðisfjarðar	Seyðisfjarðarkaupstaður	Gjörðabækur og skjöl frá eftirtöldum aðilum: Bankasel í Fjarðardal, sumarhús starfsfólks Útvegsbankans á Seyðisfirði. Sjúkrasjóður Kvenfélags Seyðisfjarðar. Söngfélagið Bragi Seyðisfirði. Samkórinn Bjarmi Seyðisf. Félagið Bjólfur Seyðisfirði. Herðubreið hf. félagsheimili Seyðisfirði. Byggingarsamvinnufélag Seyðisfjarðar. Byggingarfélag verkamanna Seyðisfirði. Byggðasafn Seyðisfjarðar.
2017	19	Brynjólfur Gunnarsson	Búnaðarfélag Fellahrepps	Inngönguskírteini Búnaðarfélags Fellahrepps í Búnaðarfélag Íslands.
2017	20	Náttúruverndarsamtök Austurlands / Erla Dóra Vogler	Náttúruverndarsamtök Austurlands	Bókhald, bréf, skýrslur og tímarit.
2017	21	Egilsstaðaskóli / Málfríður Hannesdóttir	Egilsstaðaskóli	Lagarfljótsormurinn. Skólablað Egilsstaðaskóla 2016 og 2017.
2017	22	Bókasafn Seyðisfjarðar	Seyðisfjarðarkaupstaður	Smárit (6 kassar) frá Bókasafni Austurlands / Bókasafni Austuramtsins Seyðisfirði.
2017	23	Jón Benedikt Guðlaugsson	Jón Benedikt Guðlaugsson	Gamlar myndir frá Seyðisfirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Fljótsdal og víðar.
2017	24	Skjala- og myndasafn Norðfjarðar	Helgustaðahreppur	Forðagæsluskjöl úr Helgustaðahreppi árin 1980-1984.



2017	25	Fljótsdalshérað / Stefán Bragason	Fljótsdalshérað	Þrjár fundargerðabækur frá árinu 2016: Bæjarstjórn, bæjarráð og nefndir.
2017	26	Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað / Bryndís Fiona Ford	Húsmæðraskólinn á Hallormsstað	Skjöl frá árunum 1930-1966: byggingarbréf, ráðningarsamningar, skýrslur, bréf, gjafabréf, menningar- og minningarsjóðir, reikningar, teikningar og gögn um rafstöð.
2017	27	Bókasafn Seyðisfjarðar	Seyðisfjarðarkaupstaður	Smárit (3 kassar) frá Bókasafni Austurlands / Bókasafni Austuramtsins Seyðisfirði.
2017	28	Guðmundur Karl Sigurðsson	Hjaltastaðahreppur	Gögn frá hreppstjóraembætti 1975-1998. Gögn frá trúnaðarmanni Fasteignamats ríkisins í Hjaltastaðahreppi 1990-1998.
2017	29	Lárus H. Sigurðsson og Helga P. Harðardóttir	Herdís Erlingsdóttir og Sigurður Lárusson frá Gilsá	Myndir og skjöl í römmum: Hvanneyrarskóli, skólasjald 1941-1942, hópmynd frá nemendamóti Hvanneyri. Verðlaunaskjöl fyrir hrúta á Héraðssýningum. Heiðursfélagaskjal í Búnaðarfélagi Breiðdæla 1991.
2017	30	Björn Aðalsteinsson	Verkalýðsfélag Borgarfjarðar eystri	Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta Borgarfirði: Fundargerðabækur 1988-1995.
2017	31	Minjasafn Austurlands	Minjasafn Austurlands	Gömul handrit sem komu úr filmun/viðgerð frá Landsbókasafni til Minjasafns 2017. Handrit skrifuð af Guðmundi Guðmundssyni bónda á Taðhóli, Þorgrími Þorlákssyni, Þorfinni Finnbogasyni, Ólafi Runólfssyni, Björn Ólafsson í Dölum og óþekkt aðila.
2017	32	Baldur Pálsson	Brunavarnir á Héraði	Fundargerðabók stjórnar Brunavarna á Héraði 2001-2012.
2017	33	Orri Hrafnkelsson	Herðir hf. / Herðir hf. fiskvinnsla	Gjörðabækur og reikningar frá Félagi áhugamanna um fiskþurrkun og Herði hf. Fellabæ.
2017	34	Vigdís Hallgrímsdóttir	Hallgrímur Jónasson, Reyðarfirði	Launaseðlar G.S.R. Reyðarfirði, sýnishorn frá 1965-1966.
2017	35	Davíð Logi Sigurðsson	Sigurður Eiríksson frá Krossi	Skólasjald frá Eiðaskóla 1946-1947. Minningabækur frá Eiðum 1945-1947. Aðgöngumiði á árshátíð Félags Eskfirðinga og Reyðfirðinga 1959.
2017	36	Kolbrún Magnúsdóttir	Kolbrún Magnúsdóttir	Þrjár svarthvítar myndir og þrjár litmyndir teknar af Kolbrúnu um 1967.
2017	37	Gréta Ásgeirsdóttir	Sigrún Sigurðardóttir Ytri-Njarðvík	Sex bréf frá Margréti Ívarsdóttur Sævarenda í Loðmundarfirði til Sigrúnar Sigurðardóttur.
2017	38	Bókasafn Seyðisfjarðar	Seyðisfjarðarkaupstaður	Gjörðabækur og skjöl frá eftirtöldum aðilum á Seyðisfirði: Verkamannafélagið Fram. Kvinnadeild verkamannafélagsins Fram. Sjómannadeild verkamannafélagsins Fram. Verkakvinnafélagið Brynja Seyðisfirði. Gestabækur frá listasýningum Seyðisfirði. Björn Jónsson í Firði, dagbækur 1934-1946.
2017	39	Sýslumaðurinn á Austurlandi / Lárus Bjarnason	Sýslumaður Norður-Múlasýslu og fleiri aðilar	19 öskjur með gögnum frá Seyðisfjarðarkaupstað, sýslunefnd, sýsluráði og fleira.
2017	40	Sigurður Aðalsteinsson	Sigurður Aðalsteinsson	Um 30 umslög með litmyndafilemum.

2017	41	Anna Bragadóttir	Fellahreppur	Fundargjörðabók húsnefndar Rauðalækjar 1967-1971, rekstursreikningar 1967-1977 og tekju- og gjaldfærslur 1970-1977. Og fleira.
2017	42	Bókasafn Seyðisfjarðar	Amtsbókasafnið á Seyðisfirði / Bókasafn Austurlands	Bókaskrár, aðfangaskrár, útlánabækur, skýrslubækur, bréfabækur, reikningabók, bréf og fáein fylgiskjöl. Gamlar bækur, smárit og gömul landakort.
2017	43	Emil Thorarensen	Ungmennafélagið Austri	Fundargerðabók Ungmennafélagsins Austra á Eskifirði 1954-1985.
2017	44	Austurbrú - Jón Steinar Garðarsson Mýrdal	Austurbrú ses. / Próunarfélag Austurlands	1 kassi með skjölum og skýrslum frá Austurbrú og Próunarfélagi Austurlands.
2017	45	Anna Marín Þórarinsdóttir	Anna Marín Þórarinsdóttir	1 kassi með bókum vegna náms við Háskóla Íslands og fleiri bækur.
2017	46	Guðrún Guðjónsdóttir / Þorbjörg Sandholt, Djúpavogi	Eyjólfur Guðjónsson bóndi Framnesi Berufirði (dánarbúi)	2 kassar af tímaritum og dagblöðum.
2017	47	Skólaskrifstofa Austurlands / Sigurbjörn Marinósson	Skólaskrifstofa Austurlands	Trúnaðargögn. 10 lokaðar öskjur. Mest árgangur 2000 (fæðingarár) í grunnskólum.
2017	48	Margrét Lúðvíksdóttir	Lúðvík Ingvarsson	Grunnmynd af gamla bænum á Mýrum um 1900 (ljósrit), teikning eftir Þórarin Stefánsson eftir fyrirsögn Hrólfs Kristbjörnssonar 1989. Þingstaðir og gamlar byggingar á Fljótsdalshéraði, ljósrit af teikningum Daniels Bruun.
2017	49	Gunnþórunn Jónsdóttir	Gunnþórunn Jónsdóttir	Gömul ljósmynd.
2017	50	Þorsteinn Bergsson	Hjaltastaðapinghá / Hjaltastaðahreppur	Gögn frá fjallskilanevnd Hjaltastaðapinghár.
2017	51	Þorsteinn Bergsson	Hjaltastaðapinghá / Hjaltastaðahreppur	Gögn frá Hjaltastaðahreppi, skýrslur varðandi forðagæslu, bjargráðasjóð o.fl.
2017	52	Erna Nielsen	Erna Nielsen	2 bréf og 2 vísur skrifaðar á birkibörk.
2017	53	Héraðsskjalasafnið Akureyri / Aðalbjörg Sigmarisdóttir	Verslun Jóns Magnússonar Eskifirði	Tvær Höfuðbækur við verzlun Jóns Magnússonar á Eskifirði 1908-1912.
2017	54	Kristján Pálmar Arnarsson	Júlíus Óskar Ásgeirsson frá Eskifirði	Veiðisögur, vélrituð handrit af rjúpnaveiðisögum. Sögumaður er Júlíus Ó. Ásgeirsson.
2017	55	Lárus Sigurðsson	Sauðfjárræktarfélag Breiðdæla	Reikningabók Sauðfjárræktarfélags Breiðdæla 1953-1981.
2017	56	Þór Hreinsson og Eva Kristín Hreinsdóttir	Valborg Helgadóttir frá Geirólfsstöðum í Skriðdal	Bréfasafn frá Geirólfsstöðum, mest bréf til Bergþóru Helgadóttur (1852-1935) frá dóttur hennar Guðrúnu H. Finnsdóttur (1884-1946) og fjölskyldu í Vesturheimi. Með safninu fylgir greinargerð og bréfaskrá frá Þóri Hreinssyni.
2017	57	Sigrún Blöndal	Sigurður Blöndal og Guðrún Sigurðardóttir á Hallormsstað	Skjöl, skýrslur og ljósmyndir úr dánarbúi Sigurðar Blöndal og Guðrúnar Sigurðardóttur.

2017	58	Jörundur Ragnarsson	Jörundur Ragnarsson	Ein litmynd.
2017	59	Gerður Guðmundsdóttir	Guðmundur Björnsson og Dagný Karlsdóttir	Tvö skólaspjöld í ramma: Eiðaskóli 1940-1941, Hallormsstaðaskóli 1946-1947.
2017	60	Emil Sigurjónsson	Sigurjón Friðriksson og Friðrik Sigurjónsson	Gögn úr búi Sigurjóns og Friðriks Ytri-Hlíð Vopnafirði.
2017	61	Sigrún Steinsdóttir	Anna Daníelsdóttir	28 ljósmyndir, fjölskyldumyndir.
2017	62	Margrét Sigfúsdóttir	Grunnskóli Mjóafjarðar	Slidesmyndir í pappakassa sem voru áður fyrr notaðar við kennslu í skólanum.
2017	63	Birna Snærún Bragadóttir	Steinunn Guðlaug Snædal	Handskrifuð blöð. Þýðing á kafla úr grein miss Hutchison (Isobel Wylie Hutchison) sem fjallar um för hennar frá Skriðuklaustri í Fljótsdal að Möðrudal í ágúst 1930. Uppskrift á kvæðum.
2017	64	Ásta Magnúsdóttir	Þorbjörn Magnússon	Ljóðasafn eftir Þorbjörn, handskrifuð og prentuð, bréf, minnisbækur og blöð.
2017	65	Kristbjörg Ásgeirsdóttir / Katrín Gísladóttir	Ásgeir Júlíusson Eskifirði	Tvær dagbækur frá 1941-1972.
2017	66	Jón Guðmundsson	Jón Guðmundsson	Tvær vísur á eftir Þorkel Björnsson og Sigurjón Jónsson Kirkjubæ. Skrifuð upp af Barða Friðrikssyni.
2017	67	Minjasafn Austurlands	Minjasafn Austurlands / Haraldur Briem Ólafsson	Vídalínspostilla, fyrripartur útg. 1750. Minjasafnsnúmer: MA -1980-1.
2017	68	Dagný Sigurðardóttir	Fjölskyldan Skógargerði	Fimm myndir frá Skógargerði.
2017	69	Lárus H. Sigurðsson og Helga P. Harðardóttir	Herdís Erlingsdóttir	Tvær gamlar myndir límdar á pappa, óþekktar.
2017	70	Minjasafn Austurlands / Anna Aðalheiður Arnardóttir	Stefán Jónsson frá Freyshólum	Bréf, ljósmyndir, byggingateikningar, ærbók, markaskrár, minnisbækur, bækur og tímarit.
2017	71	Jón Guðmundsson	Jón Guðmundsson	Lög Verkalýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar. Bankabók frá Útvegsbanka Íslands Seyðisfirði frá 1965.
2017	72	Ragnheiður Ragnarsdóttir	Ragnheiður Ragnarsdóttir	Fjórar gamlar fjölskyldumyndir frá Fossvöllum.
2017	73	Súsanna Kristinsdóttir	Guðrún Jóhannesdóttir og Karl Jónsson Eskifirði	Myndasafn, aðallega svarthvítar mannamyndir, sumar merktar og mikið af filmum. Dagbækur, póstkort, o.fl. úr búi Guðrúnar og Karls.
2017	74	Arndís Þorvaldsdóttir	Ásta Þórleif Jónsdóttir	Listi yfir gamlar símahringingar í sveitasíma (samsett úr stuttum og löngum hringingum) á bæi í Eiðapinghá. Skráð af Ástu Jónsdóttur.
2017	75	Guðmundur Magnús Hermannsson	Nönnusafn / Hermann Guðmundsson og Hulda Jóhannesdóttir	Gögn um Nönnusafn í Berufirði. Skrá yfir muni og ljósmyndir af þeim.
2017	76	Hjördís Sveinsdóttir	Hjördís Sveinsdóttir	Símstöðin Eyrarlandi. Listi yfir gamlar símahringingar í sveitasíma á bæi í Fljótsdal. Skráð: Sigmar Pétursson Brekkugerðis-húsum. Ljósrit.

2017	77	Jóhann Ólafsson	Rannveig Magnúsdóttir og Hjálmar G. Steindórsson	Ljósmyndir úr dánarbúi Rannveigar og Hjálmars.
2017	78	Jóhann Ólafsson	Rannveig Magnúsdóttir og Hjálmar G. Steindórsson	Hefti með vöruávisunum frá Kaupfélagi Vopnfirðinga án ártals, ekki skráð á nafn.
2017	79	Þórhalla Þráinsdóttir	Þórhalla Þráinsdóttir	Lausavísur ortar í sláturhúsi Verslunarfélags Austurlands 1986.
2017	80	Kristján Eiríksson	Katrín Málfríður Eiríksdóttir / Eiríkur Björgvin Eiríksson	Tvær litlar vasabækur / minnisbækur úr dánarbúi Eiríks Björgvins Eiríkssonar frá Dagverðargerði; Vísnaþók Katrínar Málfríðar Eiríksdóttur og gömul minnisþók með vísnaþrotum og meiru.
2017	81	Valgerður Björnsdóttir	Valgerður Björnsdóttir	Tvær svarthvítar hópmyndir: Karlakór Fljótsdalshéraðs um 1967 og fimleikaflokkur nemenda Eiðaskóla veturinn 1955-1956.
2017	82	Björgvin Geirsson	Hlíðarhreppur	Hreppstjórabók í Hlíðarhreppi 1941-1959.
2017	83	Sigurlaug Jónasdóttir	Sigurlaug Jónasdóttir	Gögn frá þorablótsnefnd Egilsstaða 1995 og 2006.
2017	84	Sigurlaug Jónasdóttir	Táp og fjör ehf	Fundargerðabók líkamsræktarstöðvarinnar Táp og fjör ehf. 1989-1994.
2017	85	Helga Jóna Þorkelsdóttir	Alþýðuskólinn á Eiðum	Safn af gömlum munsturbókum og blöðum sem notuð voru í kennslu á Eiðum og síðar á dvalarheimili aldraðra á Egilsstöðum.
2017	86	Kristín Bjarnadóttir	Bjarni Vilhjálmsson frá Hátúni í Norðfirði	3 ljósmyndir úr dánarbúi Bjarna Vilhjálmssonar fyrrverandi þjóðskjalavarðar.
2017	87	Lögmenn Suðurlandi / Ólafur Björnsson hrl.	Lögmenn Suðurlandi	Gögn um matsmálið E 295/2007: Jörðin Sauðhagi 1, Fljótsdalshéraði. Trúnaðarmál að mestu leyti.
2017	88	Minjasafn Austurlands	Safnastofnun Austurlands - SAL	1 kassi með gögnum frá Safnastofnun Austurlands. Skýrslur, bréf, bæklingar, ljósmyndir og fleira.

## Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 20. maí 2017

Fundurinn var símafundur og hófst kl. 12:30.

Mætt voru: Ólafur Valgeirsson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir og Bára Stefánsdóttir. Björn Hafþór Guðmundsson boðaði forföll. Ólafur stjórnaði fundi og Bára ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Ársreikningur 2016

Drög að ársreikningi sýna 6,3 millj. kr. tap en áætlun gerði ráð fyrir 5,8 millj. kr. tapi (húsaleiga í Safnahúsi). Mismuninn má rekja til skönnunar á gömlum hreppsþókum en seinni styrkgreiðsla (600 þús.) sem verkefnið byggist á berst ekki fyrir en á árinu 2017. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

#### 2. Fjárhagsáætlun 2018

Drög að fjárhagsáætlun gera ráð fyrir að tekjur verði 28,7 millj. og gjöld 34,6 millj. Framlög aðildarsveitarfélaga hækki um 4% milli ára og verði 24,7 millj. Rekstrarniðurstaða verði neikvæð um 5,8 millj. sem er sama fjárhæð og raunleiga í Safnahúsi. Fjárhagsáætlun samþykkt.

#### 3. Reglugerð um héraðsskjalasafn

Drög að reglugerð kynnt á fundi Þjóðskjalasafns Íslands 15. maí. Umsagnarfrestur er til 16. júní. Málið er í vinnslu.

#### 4. Ljósmyndasafn Austurlands

Greinargerð BS um ljósmyndasafnið unnin skv. beiðni frá stjórn SSA svo sambandið geti tekið afstöðu til þess hvort rétt sé að hækka framlagið til að mæta launaþróun síðustu ára. Greinargerðin verður lögð fyrir aðalfund SSA í haust. Ljósmyndasafnið er sérstök deild hjá skjalasafninu sem fær árleg framlög frá SSA, Minjasafni Austurlands og Héraðsskjalasafni. Vinna við ljósmyndasafnið er 40% starf og greiðslur samningsaðila eiga að endurspegla það.

#### 5. Önnur mál

- Framhald verður á skönnun gamalla hreppsþóka í samvinnu við Skjalasafn Norðfjarðar. Verkefnið fær 2,7 millj. kr. á þessu ári í gegnum sjóð á vegum Þjóðskjalasafns Íslands.
- LSR og Brú lífeyrissjóðir fara fram á viðbótariðgjald frá 1. júní vegna breytinga á fjármögnun sjóðanna og ábyrgð ríkisins. BS hefur mótmælt þar sem safnið er eingöngu rekið með framlagi frá sveitarfélögum og ríkinu. Lögfræðingur Sambands ísl. sveitarfélaga er sammála þeirri túlkun.
- Arion banki hefur selt hús við Fagradalsbraut þar sem safnið hefur leigt skjalageymslu. Samningaviðræður við núverandi eiganda um áframhaldandi leigu standa yfir.
- Sýning vegna 70 ára afmælis Egilsstaðabæjar verður opnuð í Sláturhúsinu 17. júní. Verkefnið er styrkt af Fljótaldshéraði og unnið í samvinnu við Minjasafn Austurlands.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:50.

Ólafur B. Valgeirsson [sign.]

Ragnhildur Rós Indriðadóttir [sign.]

Bára Stefánsdóttir [sign.]

## Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 19. júní 2017

Fundurinn hófst í Safnahúsinu kl. 10:00.

Mætt voru: Ólafur Valgeirsson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir Björn Hafþór Guðmundsson og Bára Stefánsdóttir. Ólafur stjórnaði fundi og Bára ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Ársreikningur 2016

Ársreikningur samþykktur og áritaður.

#### 2. Endurskoðunarskýrsla 2016

Skýrslan lögð fram til kynningar.

Engar athugasemdir gerðar.

#### 3. Reglugerð um héraðsskjalasöfn

Stjórn ályktar að fyrirbyggjandi drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns verði endurskoðuð í heild sinni í samráði við hlutaðeigandi aðila. Sbr. álit Félags héraðsskjalavarða á Íslandi sem lá frammi á fundinum.

Báru falið að senda þessa bókun til Þjóðskjalasafns Íslands.

#### 4. Skjalageymsla við Fagradalsbraut

Drög að leigusamningi við Veltækni hf. (Valdimar Benediktsson) liggja fyrir.

Stjórn felur formanni og forstöðumanni að ganga til samninga og óska eftir langtíma leigusamningi innan ákveðinna marka hvað fjárhæðir varðar.

#### 5. Önnur mál

Skrifað undir eldri fundargerðir.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:22.

Ólafur B. Valgeirsson [sign.]

Ragnhildur Rós Indriðadóttir [sign.]

Björn Hafþór Guðmundsson [sign.]

Bára Stefánsdóttir [sign.]

## Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 30. október 2017

Fundurinn var símafundur og hófst hann kl. 13:00.

Mætt voru: Ólafur Valgeirsson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Björn Hafþór Guðmundsson og Bára Stefánsdóttir. Ólafur stjórnaði fundi og Bára ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Fjárhagsstaða 2017

Bára gerir grein fyrir stöðu mála. Húsaleiga vegna skjalageymslu verður hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Einnig þarf að breyta húsnæði vegna öryggis- og brunavarna. Gerir ráð fyrir tapi á árinu 2017. Formanni og forstöðumanni falið að ganga frá húsaleigusamningi og greiðslum v. framkvæmda.

Héraðsskjalasafnið hefur haldið utanum tvo sjóði á sérstökum bankareikningum:

Sóknarlýsingarsjóður og Benediktssjóður, samtals um 130 þús. Sjóðum þessum fylgja engar kvaðir.

Stjórn samþykkir að reikningunum verði lokað og fjárhæð færð á aðal bankareikning safnsins.

#### 2. Fjárhagsáætlun 2018

Rekstrarframlög hækka frá áætlun sem var send til sveitarfélaga eftir stjórnarfund í maí. Ástæðan er hærri húsleiga í aukaskjalageymslu. Einnig hækkar mótframlag í Brú lífeyrissjóð úr 11,5% í 16%. Gert er ráð fyrir að rekstrarframlög sveitarfélaga verði 25,6 millj. kr.

#### 3. Ársskýrsla 2016

Skýrslan lögð fram til kynningar. Engar athugasemdir gerðar.

#### 4. Önnur mál

a) Aðalfundur verður á Skriðuklaustri í Fljótssdal fimmtudaginn 23. nóvember kl. 14.

b) Fjárhagsnefnd SSA hefur samþykkt að hækka framlag til Ljósmyndasafns Austurlands á árinu 2018 sbr. greinargerð sem var rædd á stjórnarfund Héraðsskjalasafns 20. maí og samþykkt aðalfundar SSA 29.-30. september. Stjórn Minjasafns Austurlands samþykkti hækkun á fundi 5. september með fyrirvara um að framlög sveitarfélaga til Minjasafnsins verði eins og fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir. Stjórnin bendir á að æskilegt væri að skoða að nýju samning um Ljósmyndasafnið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:00.

Ólafur B. Valgeirsson [sign.]

Ragnhildur Rós Indriðadóttir [sign.]

Björn Hafþór Guðmundsson [sign.]

Bára Stefánsdóttir [sign.]

## Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga árið 2017

Haldinn á Skriðuklaustri í Fljótsdal mánudaginn 27. nóvember kl. 14:00. Fundurinn átti að vera fimmtudaginn 23. nóvember en var frestað vegna veðurs.

Ólafur Valgeirsson formaður setti fundinn.

Skúli Björn Gunnarsson tók að sér stjórn fundar og Bára Stefánsdóttir ritaði fundargerð.

Fundarstjóri fór yfir mætingu og umboð. Fulltrúar sveitarfélaga á fundinum voru:

- Borgarfjarðarhreppur: enginn fulltrúi
- Breiðdalshreppur: umboð til fulltrúa Fjarðabyggðar
- Djúpavogshreppur: umboð til fulltrúa Fjarðabyggðar
- Fjarðabyggð: Elías Jónsson
- Fljótsdalshérað: Óðinn Gunnar Óðinsson
- Fljótsdalshreppur: Gunnþórunn Ingólfssdóttir
- Seyðisfjarðarkaupstaður: Dagný Erla Ómarsdóttir
- Vopnafjarðarhreppur: enginn fulltrúi

### Dagskrá:

#### 1. Skýrsla stjórnar

Ólafur flutti skýrslu um störf stjórnar fyrir árið 2016. Haldnir voru þrjár stjórnarfundir á árinu og tveir stjórnarmenn sátu fund um safnahúsið í desember.

Bára kynnti ársskýrslu sem inniheldur einnig afhendingaskrá, fundargerðir og fjárhagsáætlun.

#### 2. Afgreiðsla ársreiknings 2016

Bára fór yfir ársreikning. Rekstrargjöld ársins námu 36,9 millj. kr. og rekstrartekjur 30,5 millj. Niðurstaða rekstrarreiknings árið 2016 er því rekstrartap uppá 6,3 millj. Þar af eru 5,8 millj. vegna bókfærðrar húsaleigu í Safnahúsi. Tap af öðrum rekstri var 501 þús. sem má rekja til þess að síðari hluti verkefnastyrks vegna skönnunar hrepps bóka var ekki greiddur fyrr en í byrjun árs 2017. Handbært fé í árslok var 2,8 millj. og hækkar um 94 þús. milli ára.

Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Ársreikningurinn borinn undir atkvæði. Samþykktur einróma.

#### 3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar 2018

Bára fór yfir fjárhagsáætlun og gerði grein fyrir forsendum hennar. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 33,5 millj. Rekstrartekjur verði 27,7 millj., þar af nemi rekstrarframlög aðildarsveitarfélaga 25,6 millj. Héraðsskjalasafnið verði því rekið með 5,8 millj. halla á árinu 2018 sem er sama upphæð og húsaleiga í Safnahúsinu.

Fjárhagsáætlun borin undir atkvæði. Samþykkt einróma.



#### 4. Kjör löggilts endurskoðanda

Stjórn leggur til að Magnús Jónsson hjá KPMG sjái áfram um endurskoðun ársreiknings. Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### 5. Kjör skoðunarmanna reikninga

Stjórn leggur til að Sigurjón Jónasson og Ómar Bogason verði endurkjörnir skoðunarmenn reikninga. Varamenn verði: Adolf Guðmundsson og Sigurjón Bjarnason.

Tillagan var samþykkt samhljóða en óskað eftir að jafna kynjahlutföllin á næsta aðalfundi

#### 6. Önnur mál

Rætt var um viðgerðir á ytra byrði munageymslu í Safnahúsi og mögulega viðbyggingu.

Frestur sem Fljótshérað fékk í desember 2015 til að uppfylla viðhaldssamning rennur út í desember 2017. Aðalfundurinn beinir til stjórnar að hafa samband við eiganda hússins.

Stefnt er að því að halda næsta aðalfund á Borgarfirði eystra.

Fundargerðin var lesin og undirrituð af fundarmönnum sem þáðu veitingar í boði gestgjafa.

Fundi var slitið kl. 15:15.

Dagný Erla Ómarsdóttir [sign.]

Elías Jónsson [sign.]

Gunnþórunn Ingólfssdóttir [sign.]

Óðinn Gunnar Óðinsson [sign.]

Ólafur Valgeirsson [sign.]

Bára Stefánsdóttir [sign.]

Skúli Björn Gunnarsson [sign.]